



Dagskrá ársfundar AkureyrarAkademíunnar fimmtudag 15. maí 2025

Fundurinn fer fram í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri og byrjar kl. 19:30.

Fundurinn hefst á því að fundarmenn kjósa fundarstjóra og ritara. Gunnar Árnason býður sig fram sem fundarstjóri og Þorgerður Anna Björnsdóttir sem ritari.

Dagskrá ársfundar er eftirfarandi:

1. *Skýrsla stjórnar*: Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður.
2. *Endurskoðun reikninga*: Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, kynnir ársreikning.
3. *Upptalning fulltrúa*: Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, les upp fulltrúa.
4. *Kjör formanns og fulltrúaráðs*. Ársfundur kýs sjö manna fulltrúaráð. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði. Formaður er kosinn sérstaklega. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Þau sem hafa boðið sig fram í fulltrúaráð eru:
 - a) Sigurgeir Guðjónsson, formaður
 - b) Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
 - c) Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari
 - d) Arna Dögg Arnardóttir, fulltrúaráð
 - e) Bryndís Fjóra Pétursdóttir, fulltrúaráð
 - f) Gunnar Árnason, fulltrúaráð
 - g) Jón Örn Pálsson, fulltrúaráð
5. *Fjárhagsáætlun og árgjald*.
 - a. Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri, leggur fram rekstraráætlun fyrir árið 2025.
 - b. Árgjald er nú 2.000 kr. Stjórn leggur til óbreytt árgjald.
6. *Breytingar á skipulagsskrá*. Stjórn leggur ekki til breytingar á skipulagsskrá.
7. *Önnur mál*.
 - a. Málefni AkAk í ráðuneytinu.
 - b. Kynning á niðurstöðum viðhorfskönnunar AkAk 2025 um aðstöðu og þjónustu.
 - c. Vísindastyrkir AkAk.
 - d. Félagsstarf.
8. Fundi slitið.

Eftir fundinn verður boðið upp á léttar veitingar.